

persónulega samið við alþingi, og má gjöra ráð fyrir því, að af því leiddi meðal annars það gott, að alþingi hætti þá að eyða tíma sínum í umræður um frumvörp, sem ngin von væri til að stafest yrðu.

Um síðasta lið þingsályktunarinnar skal það tekið fram, að jeg get eigi sjeð, að það sje nauðsynlegt eða einu sinni æskilegt, að skipa sjerstakan innlendan dóm til þess að dæma um mál þau, er konungur eða neðri deild alþingis kynni að höfða gegn manni þeim, er hefði á hendi hina æðstu stjórn sjerstaklegra málefna Íslands, út af embættisfærslu hans. Það atriði eitt, að hin æðsta stjórn sjerstakra málefna Íslands, ávalt hlýtur að vera í Kaupmannahöfn, virðist sjálfsagt hljóta að gjöra það verkum, að sækja verði fyrir dómi í Kaupmannahöfn mál útaf hinni stjórnskipulegu ábyrgð gegn þeim manni, er ábyrgðina ber. Svo ber þess að gæta, að mark og mið slíkrar málsóknar verður að vera það, að fá rjettlátan og óhlutdrægan dóm um ágreiningsatriði þau, er komið hafa málinu af stað; en rjettlátari og óhlutdrægari dóms í þessu efni verður eigi vænzt hjá öðrum dómstóli en hæstarjetti ríkisins. Þess má og geta að í mörgum konstitutionellum ríkjum er það einmitt hinn regulegi hæstirjettur ríkisins, er dæmir um mál þau, er höfðuð eru gegn ráðgjöfunum út af embættisfærslu þeirra.

Eins og að framan er bent til, ber helzt að skoða þingsályktun þessa sem árangur samkomulags, því að hún fullnægir að einu leytinu eigi þeim, sem lengst fara og halda fast við stjórnaarskipunarfrumvarpið frá 1893, svo sem væri það hin eina stjórnaarskipun, er fullnægði kröfum Íslands um sjálfstjórn, en á hinn bóginn fer þingsályktun þessi miklu lengra heldur en ná kröfur hinna gætnustu þingmanna, og eru það einkum hinir konungkjörnu, þar sem hún fer fram á að hin æðsta stjórn skuli hafa atsetu í landinu. En allir þingmenn, hvort er þeir eru framhaldsmenn eða íhaldsmenn, jafnt þjóðkjörnir sem konungkjörnir, eru samhuga í því að óska þess, og skoða það sem stórt stig til úrgreiðslu hins umrædda máls:

að skipaður sje fyrir Ísland sjerstakur ráðgjafi, er mætti á alþingi;

að eigi sje borin upp í ríkisráðinu og lögð undir atkvæði þess lög þau og stjórnaarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, og

að ráðgjafinn fyrir Ísland beri ábyrgð gagnvart þinginu eigi einungis á því, að stjórnaarskráin sje haldin, heldur einnig á embættisfærslu sinni yfirleitt.

Til þess að koma hinum tveim fyrstu ráðstöfununum í kring, mundi eigi þurfa að breyta, stjórnaarskránni, en hin síðasta mundi eigi geta komizt á, nema breytt væri 3. gr. stjórnaarskrárinnar. Sæji ráðaneytið sjer fært að ráða hans hátign til að láta að áður-sögðum óskum alþingis, er jeg fyrir mitt leyti tel atgætilegar, þá mætti gjöra ráð fyrir því, að sjeð yrði fyrir endann á stjórnaarbaráttu þeirri, er háð hefir verið um mörg undanfarin ár til mikillar hindrunar heillavænlegri samvinnu stjórnar og þings.

Með þessum ummælum skal jeg virðingarfullt leyfa mjer að skjóta málefni þessu til frekari aðgjörða hins háa ráðaneytis.

Reikningur

86

yfir tekjur og gjöld bókasafns Vesturamtsins í Stykkishólmi 1896.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1895:

a. Hjá amtinu	kr. 67,72
	Flyt kr. 67,72

86

Fluttar kr. 67,72

b. Hjá forstöðunefndinni ,	— 70,64	kr. 138,36
2. Tillag úr jafnaðarsjóði	—	300,00
3. Tillag úr landssjóði	—	300,00
4. Tillög frá þeim, sem notuðu safnið	—	36,00
5. Fyrir seldar bókaskrár	—	2,25
		<u>kr. 676,61</u>

Gjöld.

1. Prentun bókaskrárinnar, pappír, hepting og flutningur til Stykkish.	kr. 151,85
2. Borgað fyrir að semja bókaskrá (viðbót)	— 100,00
3. Brunabótargjald	— 10,00
4. Keyptar bækur	— 156,81
5. Flutningskostnaður og umbúðir	— 2,00
6. Laun bókavardar frá 1. júlí 1895 til 31. des 1896	— 45,00
7. Bókband	— 54,16
8. Burðareyrir	— 0,20
9. Útlánsbók	— 1,50
10. I sjóði við árslok 1896:	
a. Hjá amtinu	kr. 36,86
b. — forstöðunefndinni	— 118,23
	<u>— 155,09</u>
	<u>kr. 676,61</u>

Íslands Vesturamt, Reykjavík 14. maí 1897.

J. Havsteen.